Námsáætlun

Kennari:	Linda Björk Sigurðardóttir
Áfangi/fag:	ÍSLE2GB05 – Málsaga, bókmenntir og goðafræði

Stutt lýsing

Í áfanganum kynnast nemendur höfuðþáttum norrænnar goðafræði, læra að þekkja helstu goð og hlutverk þeirra og kynnast sígildum goðsögnum í norrænni goðafræði. Nemendur eru þjálfaðir í gerð heimildaritgerða og læra um frágang ritaðs máls. Fjallað er um sögu tungumálsins, uppruna þess og þróun. Nemendur eru þjálfaðir í notkun bókmenntahugtaka.

Undanfari: 5 einingar á 1. þrepi eða íslenskueinkunn A eða B á grunnskólaprófi.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu höfuðþáttum norrænnar goðafræði og heimsmynd hennar
- Hugtökum sem notuð eru við ritgerðasmíð og notkun heimilda í ritun
- Málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- Hugtökum í málsögu og hvernig málið hefur þróast frá alda öðli til okkar daga
- Hugtökum sem nýtast við bókmenntaumfjöllun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:**

- Nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- Fjalla skriflega og munnlega um afmarkaða þætti námsefnisins á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt
- Draga saman og nýta upplýsingar úr ýmis konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt
- Lesa sér til gagns og gamans nytjatexta og bókmenntaverk frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra
- Leita sér upplýsinga um íslenskt mál og málstefnu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- Beita skýru, lýtalausu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- Leita sér heimilda og upplýsinga um tiltekið efni og vinna úr þeim á sjálfstæðan og heiðarlegan hátt

- Taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- Dýpka skilning sinn á mál- og menningarsögu

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Hringsjá sér nemendum fyrir öllum kennslugögnum, Tungutak – Málsaga handa framhaldsskólanemum og útprentuð gögn sem notuð verða.

Námsmat

Námsmat byggir á prófi, verkefnaskilum og ritgerð.

Goðafræði – Gylfaginning próf: 30%
Málsaga – skilaverkefni: 30%
Ritgerð og heimildaverkefni: 35%
Ástundun: 5%

Nemandi þarf að ljúka öllum hlutum áfangans með 5 í einkunn

Áætlun:
Til að fá áfanga metinn til eininga þarf nemandi að klára eftirfarandi:

Röð verkefna	**Námsefni - viðfangsefni**	**Kaflar/verkefni**	**Athugasemdir/vægi matshluta**
	Málsaga	4 kaflar	**25%**
	Málsaga	Tímaverkefni	**5%**
	Goðafræði - próf	Gylfaginning 54 kaflar	**25%**
	Goðafræði	Skilaverkefni úr köflum	**5%**
	Heimildaverkefni	Skilaverkefni	**5%**
	Heimildaritgerð	Skilaverkefni	**30%**
	Ástundun		**5%**

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar